

MAGDALENA SCHRAM

STAÐA KVENNALISTANS

Ég vil byrja á því að leggja eftirfarandi tillögu fyrir fundinn: "Landsfundur Samtaka um Kvennalista haldinn í Gerðubergi dagana 14. og 15. nóvember árið 1987 samþykkir að leggja niður Samtök um Kvennalista."

Nei, þetta er ekki alvörutillaga. Ég legg hana fram í plati en ekki af gamni mínu. Ég bið ykkur að íhuga í fullri alvöru viðbrögð ykkar við þessari plat-tillögu og í framhaldi af henni: þessar spurningar:

- Hversu heilög er kýrin?
- Þegar við segjum: sérframboð kvenna er tímabundin aðgerð, ein leið í baráttunni, leið hverrar réttmæti við munum athuga vandlega hverju sinni, meinum við það í alvöru?
- Undir hvaða kringumstæðum gæti sú tillaga mögulega komið fram að leggja skuli niður Samtök um Kvennalista? Verður það þegar fullreynt þykir að þessi leið sé ekki lengur vænleg til árangurs - eða þegar einhverjum vissum árangri er náð? Einhverju marki, sem við setjum okkur og þá hvaða marki?
- Hvernig getum við tryggt, að ný sýn verði ekki eldgömum sýn?

Mér virðist Kvennalistinn standa þar núna, að við verðum að velta slíkum spurningum fyrir okkur. Og mörgum fleiri auðvitað en þetta eru kannski grundvallarspurningarnar. Í mínum huga skiptir staða Kvennalistans engu málí ein og sér. Það sem skiptir málí er staða kvenna sjálfra, okkar, og þáttur Kvennalistans í þeim markmiðum sem konur setja sér hverju sinni. Að svo miklu leyti eða svo lengi sem þetta er samofin, skiptir staða Kvennalistans málí.

Er nokkuð raunalegra á að líta en samtök, flokkur eða bandalag sem hefur pólitískan tilgang að eyða orku í að tala um eiginstöðu þegar hún er ekki lengur samofin hugsjón og tilveru þeirra, sem eiga eitthvað undir

baráttunni komið? (Það hvarflar að mér að þegar pólitísk samtök eru komin í þá stöðu að vilja ræða stöðu sína, þá sé staðan orðin alvarleg.) Ég er viljandi að misskilja yfirschrift þessa dagskrárlíðar eða snúa út úr en það er leiðin sem ég valdi til að koma því á framfæri að í rauninni getum við sett okkur aðeins eitt markmið: það að vera í sambandi hver við aðra og þau lífsskilyrði, sem við viljum breyta.

Og þetta er auðvitað það markmið, sem við höfum alltaf haft fyrir sjónum okkar. Þetta er grundvöllur hugmyndafræði okkar og það sem býr að baki því skipulagi, sem Kvennalistinn starfar eftir. Þegar við segjum í kosningabaráttu: tugir, ef ekki hundruðir kvenna hafa lagt hönd á plöginn við að vinna þessa stefnuskrá, raddir kvenna hvaðanæfa að af landinu óma í þessu plaggi, þá er það til þessa sem við erum að vísa. Þegar við neitum að kjósa okkur formann, þegar við neitum að gera valdafyrirkomulag, einhverja niðurröðun í metorðastiga, að þætti í samskiptum okkar hver við aðra, þá er það yfirlýsing um að við séum allar jafnréttarár, jafnar að ráðum. Við erum e.t.v. að afsanna, að samband einstaklings við einstakling, stofnunar við stofnun, þurfi að skilgreinast af valdastöðu. Róttækni kvenfrelsishreyfingarinnar kann jafnvel að felast í vinnuaðferðum hennar ekki síst. Þessari afneitun á skipulagi, sem byggist á valdi sem grundvallarhugtaki. (Án þess að hafa nú athugað það neitt nánar, þá dettur mér allt í einu í hug að spyrja sjálfa mig hvernig þetta orð skipulag hafi eiginlega orðið til - að skipa í lög, skyldi það vera tengt orðinu að skipa fyrir?)

Nú, vinnureglur Kvennalistans hafa það sem sagt að markmiði að sækja hugmyndamiðin að gera samtökin að - ekki eyra sem hlustar eftir grásrótinni, heldur grásrótinni sjálfri. Við þurum umfram allt að styrkja þær reglur þetta er stór setning í láréttum, lauslegum grásrótarsamtökum. En ég held að vinnuaðferðir okkar til þessa, reglurnar sem við höfum, hvort sem þær eru skráðar eða óskráðar, hvernig okkur gengur að fara eftir þeim eða ekki, hvernig þær snerta okkur pólitískt en ekki síður persónulega ... allt þetta þarfnað umræðu og styrkingar. Vinnuaðferðir okkar hafa verið nokkurs konar

kraftbirting hugmynda okkar, þær minna okkur sífellt á uppruna okkar og tilgang og spyrja okkur hvort við séum sjálfum okkur samkvæmar. Ég held þær séu fjöregg Kvennalistans, því eins og þær eru hugsaðar tryggja þær að hugmyndirnar haldi áfram að spretta upp af raunveruleika kvenna og að hugmyndirnar breytist eftir því sem sá raunveruleiki breytist. Þær eru það sem heldur okkur vakandi fyrir því að staða Kvennalistans sé samofin stöðu kvenna og þeim markmiðum sem konur setja sérhverju sinni. Á meðan við gætum þessa fjöreggs, skiptum við máli-annars alls ekki. Á meðan það er heilt, þurfum við ekki að óttast skilgreiningardauðann og það að samtökin lifi hugsjónina.

Kvennalistinn stendur e.t.v. á tímamótum núna. Við höfum held ég litið á okkur sem andófshóp, viljað að rödd gagnrýni og nýrra hugmynda, fengi að heyrast þar sem á er hlustað og tekið mark, í sveitarstjórnum og á Alþingi. Viljað fá að hafa áhrif.

Tímamótin urðu í vor sem leið, þegar sá möguleiki varð allt í einu raunverulegur að við fengjum ekki aðeins að hafa áhrif heldur völd. Við það breyttist ímynd Kvennalistans, ekki aðeins í okkar hugum, heldur út á við líka.

Kvennalistinn varð viðurkenndur sem afl - og þar með er ég ekki að segja að hann hafi ekki verið það áður, auðvitað höfum við verið afl frá árinu 1982, aðeins að hann hafi verið viðurkenndur sem afl af þeim sem telja sig réttmæta viðurkennara. Úrslit kosninganna í vor juku sjálfstraust okkar, breyttu sjálfssímynd okkar, staðfesti okkur að við værum á réttri leið og - opnaði möguleika á að komast þangað sem ákvarðanir eru teknar og framkvæmdar. Færðu okkur nær völdum.

Er það nema von að spurt sé: krefst þessi nýja staða nýrrar hugsunar? Breytir hún t.d. þeirri skoðun, að Kvennalisti sé tímabundin aðgerð? Felur hún í sér hættur? Gæti hún t.d. falið í sér þá hættu að gera sóknina í valdið mikilvægari en sóknina á hugmyndamiðin í því að orkunni verði beint of mikið í eina átt?

Felur þessi staða í sér þá hættu, að staða Samtaka um Kvennalista fari að skipta meira máli en staða kvenna?

Förum við að spila upp á atkvæði? Þegar við erum komnar með báða fætur inn í það skipulag, sem við sýnum svo greinilega andstöðu við í vinnubrögðum okkar, munum við þá eiga okkar þátt í að viðhalda því með því að bæta skósólana á skónum, sem við vildum helst kasta fyrir róða eins og þeir leggja sig?

Við skulum ekki fussa og sveia og ásaka hvor aðra um svartagaldursraus þótt við viðrum pessar og þvílikar spurningar. Þær eru nauðsynlegar vegna þess að til þess eru vítin að varast þau. Falli Kvennalistinn í þessa gryfju sem ég var að lýsa, verður eftir sem áður hægt að halda fundi sameinaðs alþingis ofan í þeirri gryfju, svo margir hafa fallið ofan í hana nú þegar, því það er mjög lítill vandi.

Ég óttast ekki pessar gryfjur. Jafnvel þó svo það sé greinilega meiri vandi að forðast þær en falla í þær. Það er meiri vandi af því að það krefst meiri orku og meiri tíma að finna þær, skoða þær og þræða á milli þeirra. Það er vandi sem við munum sigrast á vegna þess að við höfum næga orku og nægan tíma og við kunnum aðferðina. Aðferðin er sú að troða sína eigin götu en ganga ekki í annarra slóð. Það er þessi aðferð, sem hefur fært okkur hingað sem við erum. Það er hún sem markar okkur sérstöðu. Þessi aðferð byggir á trausti og samvinnu og vegna þess að við höfum sýnt fram á að slíkur umgengnismáti er mögulegur grundvöllur samskipta fólks í smáum stíl innan samtaka á borð við okkar (vaxandi stíl) þá hefur okkur tekist að kveikja von um að slík mannvirðing sé möguleg í reglulega stórum stíl, jafnvel í heilu samfélagi. Það er ekki lítilsverður árangur.

Að því er stundum hent gaman að Kvennalistinn sé eins og sértrúarflokkur, að við séum í siðgæði en ekki pólitík. Það er nokkuð til í þessu og ég er ekki ósátt við þessa "ásökun", ég er m.a.s. frekar stolt af henni og undrar aðeins að þeim, sem halda að okkur sárni, skuli ekki vera það jafn greinilegt og mér, að pólitík snýst ekki um siðgæði, um gæði siðanna sem við temjum okkur í víðasta skilningi þeirra orða og í öllum þáttum samfélagsins.

Ég sagði áðan að úrslit kosninganna í vor hefðu markað

tíamót vegna þess að vald varð skyndilega í augsýn. Það er kannski ekki hægt að segja það upphátt svo margir heyri, en ég ætla að segja það samt: vel kann að vera að það sem við erum að gera, hafi fyrst í vor runnið upp fyrir okkur! Við erum að fara veg, sem aldrei er notaður til annars en að komast til valda og guð minn góður, kannski erum við bara að komast alla leið. Við tókum á þessari uppgötvun með talsverðri spennu, en okkur tókst auðvitað að fara með hana eins og annað, ræða hana og leiða til lykta. En ég held að við höfum ekki gert upp við þessa uppgötvun. Það þurfum við að gera. Þá á ég ekki við þær umræður, sem fóru fram á fundunum eða umræðurnar um þær umræður eftir á - að vísu þarf að ræða það en í öðru samhengi. Nei, við þurfum að ræða möguleikann á valdinu sjálfu.

Við höfum í vinnubrögðum okkar því sem næst afneitað tilverurétti valdsins sem þáttar í samskiptamunstri fólks. Við erum í hugmyndum okkar, starfi okkar að brjótast undan valdi með því að neita að beita sjálfar okkur þessum þætti. Hvernig ætlum við að umgangast valdið þegar það er í okkar höndum. Ef við í þessum samtökum, neitum að bjóða því inn fyrir dyrnar, hvernig getum við verið þekktar fyrir að nota það sjálfar utan þeirra.

Hvað er vald? Í hverju felst það. Hvar er það? Er það t.d. kyrrstætt þannig að hægt sé að sækja það t.d. inn á Alþingi? Eða er það sífellt á reiki undan þeim sem sækjast eftir því. Þess eru dæmi. Felur vald nokkuð annað í sér annað en valdið sjálft og er nokkuð vald til án þess að það bitni á einhverju eða einhverjum?

Þeirri hugmynd hefur verið skotið að mér, að vald sé kannski hvert annað hugtak, sem eigi sér enga stoð í nauðsynlegum veruleika, hugtak sem megi endurskoða rétt eins og önnur hugtök. Og að það sem sumir vilja kalla hræðslu kvenna við vald sé alls ekki hræðsla heldur vanþekking vegna þess einfaldlega að reynsluheimur kvenna rúmi ekki það hugtak. Getur þá verið að við séum að tileinka okkur eitthvað, sem verið hefur skilgreining karla á sjálfum sér, og á þeim samfélögum, sem þeir hafa mótað eftir sínum reynsluheimi? (Hér dettur mér í hug að afar margar byltingar hafa verið gerðar í nafni hugsjóna

eða stjórnmálastefna í gegnum tíðina, sem þegar upp var staðið höfðu það eitt fyrir markmið að endurskipuleggja völd, færa þau frá einum stað á annan. Við virðumst í verki vera að leggja til að völd verði hreinlega lögð niður!). Þetta eru umhugsunarverðar hugmyndir ekki síst fyrir okkur, sem stefnum að valdatöku. Eða er það ekki?

Ég gaf mér ekki tíma til þess í gærkvöldi að hlusta á umræðurnar eftir erindi Önnu Guðrúnar en erindið sjálft drakk ég auðvitað í mig því það kom eins og olía á þann hugsanafuna, sem hugmyndirnar um valdið hafa kveikt í kollinum á mér. Mér finnst þetta vera hugmyndir sem við verðum að skoða ofan í kjölinn og legg til að stofnaður verði nú þegar leshópur um þetta mál, hópur sem taki sér fyrir hendur að viða að sér efni, ræða það og skila síðan skýrslu í fyrirlestraformi, segjum innan næstu níu mánuða. Þegar ég hlustaði á Önnu, gerði ég mér auðvitað grein fyrir að ég hafði notað orðið vald í þróngri skilgreiningu, sem ég held að sé tæpast ástæða til að skýra, því við gerum það meira og minna allar í samtölum okkar um vald. Ég gerði í huganum athugasemd við heimilisvald kvenna, sem að mínu mati fellur alls ekki inn í skilgreiningu - ég held að það sem þar skiptir máli sé hvort og ef já, hvernig valdið bitnar.

Að lokum ætla ég að leggja fyrir ykkur þær hugmyndir um frekari styrkingu vinnubragða Kvennalistans, sem ég lofaði áðan.

#### Í 1. lagi:

Hvergi má víkja frá þeim reglum sem við höfum sett okkur um útskiptingar, hvort sem er í hópum, sem starfa innan samtakanna eða í nefndum, ráðum, stjórnum þingum o.s.frv. þar sem við eignum fulltrúa, eða erum beðnar um að senda fulltrúa.

2. Styðja þarf dyggilega við bakið á þeim væna hópi þingkvenna, sem nú sitja á Alþingi fyrir okkar hönd. Öllum ráðum þarf að beita til þess að þær lokist ekki þar inni sem vinnudýr heldur séu í nánu sambandi við hreyfinguna sjálfa. Þingfloksfundi þarf að opna rækilega með því t.d. að tryggja að þeir séu reglulegir, að allar viti hvar og hvenær þeir eru haldnir, að dagskrá fundanna verði hagað þannig að

þeir bjóði upp á umræður um stefnu og málefni - að erindi, sem berast þingflokki verði á einn eða annan hátt flokkuð svo hægt sé að afgreiða þau sem málefni Kvennalista fremur en málefni þingflokks, að þingkonur haldi reglulega opna fundi annars staðar en í húsakynnum Alþingis, að þingkonur þurfi ekki að axla það hlutverk að verða sérfræðingar um öll mál, sem upp kunna að koma og krefjast talskonu út á við og að almennir félagar komist ekki upp með það að kasta allri ábyrgð yfir á kjörna fulltrúa.

3. Að konur skrái sig eða meldi sig á annan hátt reiðubúnar til að koma fram fyrir hönd samtakanna, þannig að ef beðið er t.d. um fulltrúa í umræður, sé hægt að vísa á þær konur. Ég skal skýra þessa hugmynd nánar: Þeir dagar eru á næstu grösum ef ekki þegar runnir upp, að dagur liði ekki án þess að farið sé fram á skoðun Kvennalistans á hinum og þessum málum, að hér eða þar eigi að fara fram umræður, ráðstefna eða eitthvað af þessu taginu, þar sem æskilegt væri að hafa fulltrúa okkar. Nú eru útvörp og sjónvörp að koma sér upp aðstöðu um allt landið, það eru blöð og tímarit alls staðar þessir fjölmíðlar þurfa að geta viðrað okkar sjónarmið. Væri Jóna Jóns. tilbúin að setja sig inn í einn málaflokk af reglulegri dýpt og fylgjast með honum einhvern ákveðinn tíma, segjum fiskveiðistefnu eða menntamál, þyrfti ekki lengi að leita eftir fulltrúa í umræðu um vissan málaflokk, væri Jóna Jóns. hreinlega á skrá, t.d. hjá starfskonum listans.
4. Komið verði á fót skuggaráðuneytum, sem ynnu að gerð frumvarpa, útfærslu hugmynda og tillagna. Þessar tvær hugmyndir spruttu upp af umræðum um bakhópana, sem í eina tíð var komið á fót en gengu ekki alveg upp. Ein ástæðan kann að hafa verið sú, að þessir hópar voru endanlega ekki ábyrgir fyrir sínum gerðum ef ég má orða það þannig - heldur unnu mál upp í hendurnar á öðrum, sem þurftu að tala fyrir þeim. Hugmyndin byggir sem sagt á því að þetta hafi rænt konur starfsgleðinni og orkunni til að halda almennilega á spöðunum.

5. Á sama hátt og opna þarf æðarnar á milli Alþingis og Kvennahússins, þarf að opna æðarnar milli Kvennahússins í Reykjavík og anganna úti um allt land þetta mætti gera með því að efna til ferðalaga á milli landshluta, með því að stefna að opnum ráðstefnum reglulega úti á landi um mál sem varða konur. Áhyggjur hafa komið fram um að sú hugmyndafræðiumræða, sem á sér því sem næst stanslaust stað hér í Reykjavík berist ekki nægilega út í angana og að það sem þið í öngunum ræðið, berist ekki hingað. Líklega höldum við í Reykjavík að þið þyrftuð frekar að fá að heyra í ykkur en við í ykkur því eina almennilega hugmyndin, sem fram kom til að leysa þetta vandamál var að skipuleggja ferðalög fyrirlesara vítt og breytt um landið. Og reyndar er það nú svo að hér í Reykjavík er margt að gerast, sem ekki gerist annars staðar en er mjög gefandi í umræðunni og þær sem búa utan Reykjavíkur fara þess vegna varhluta af. Mér dettur bara núna í hug erindi Helgu Kress um Tímaþjófinn, sem haldið var nýlega, hlutir af þessu tagi, sem maður vildi svo gjarnan að fleiri hefðu verið í aðstöðu til að hlusta á eða fá heitar fréttir af.

6. Frumvörp með heildarsýn (sbr. útvarpslagafrumvarp).

7. Heiðarleiki - hreinskilni - pólitík - persónur.

Þessar hugmyndir beinast allar að því, sem ég hef verið að reyna að segja að skipti Kvennalistann mestu málí núna - að halda sínu striki, vera sjálfum sér og hugmyndum sínum trúr - aðeins þannig færumst við fram á veg og aðeins þannig getum við verið djarfar og óhræddar við hvað það sem koma skal.